

Þriðjudaginn 2. september 1997.

Nr. 352/1997.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Sigurði Þórðarsyni

(Stefán Pálsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 28. ágúst 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 29. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. ágúst 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 8. október 1997 kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. ágúst 1997.

Ár 1997, fimmtudaginn 28. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingveldi Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Sigurði Þórðarsyni, kt. 110174-3739, með lögheimili að Stórholti 39, en dvalarstað að Breiðagerði 13, hvort tveggja í Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, þar til dómur verður kveðinn upp í máli hans í héraði, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 8. október nk. kl. 16.00, vegna grunar um brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.

Fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík vinnur nú að rannsókn stórfellds fíkniefnamisferlis. Upphaf rannsóknarinnar má rekja til þess, að 2. ágúst sl. komu til skoðunar hjá tollgæslunni að Ármúla 25, Reykjavík, tvær hraðsendingar frá Bretlandi, er höfðu að geyma samtals 783 e-töflur.

Kærði hefur játað bæði hjá lögreglu og hér fyrir dómnum aðild sína að þessu stórfellda fíkniefnamisferli. Í þinghaldi í dag kvaðst hann gera sér grein fyrir hættueiginleikum e-taflna, þ. e. MDMA, og kvaðst hafa talið væntanlegan kaupendahóp efnisins vera fólk í svipaðri stöðu og hann sjálfur, þ. e. ungt fólk í mikilli neyslu.

Ljóst er, að framangreind fíkniefni eru mjög hættuleg, og geta þau stofn- að lífi og heilsu fjölda fólks í hættu, komist þau til dreifingar.

Brot þau, sem kærði hefur játað að hafa framið, geta varðað hann allt að tíu ára fangelsi samkvæmt 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.

Þar sem um er að ræða svo alvarlegt brot sem stórfellt fíkniefnamisferli, verður með skírskotun til framangreinds og vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að fallast á kröfu lögreglustjóra, eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Sigurður Þórðarson, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá gæsluvarðhaldi því, sem rennur út kl. 16.00 á morgun, þar til dómur verður kveðinn upp í máli hans í héraði, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 8. október nk. kl. 16.00.